

Áhrif aðildar að Evrópusambandinu

4. maí 2026

SIGURÐUR JÓHANNESSON

Sameiginlegur gjaldmiðill greiðir fyrir viðskiptum og fjárfestingum


- Auðveldara að bera saman verð, óvissa í viðskiptum og fjárfestingum minnkar þegar ekki er lengur hætta á gengisbreytingum.
 - Viðskipti Evrópusambandsríkja hafa aukist mikið en deilt um þátt evrunnar í því:
 - 2-6% algengt mat, en mun hærri tölur nefndar.
 - Rose, 2016: Matið hækkar um leið og athugunum fjölgar (með tímanum).
 - Ekki heldur eining um áhrif evru á beinar fjárfestingar, en þar hafa háar tölur líka verið nefndar.
- Samkeppni gæti aukist á íslenskum fjármálamörkuðum og jafnvel víðar.
- Íslenskir lífeyrissjóðir geta fjárfest víðar án gjaldeyrisáhættu.
 - Almennt má segja:
 - Greið viðskipti við útlönd skipta meira máli fyrir lítil lönd en stór –
 - ...viðskipti við útlönd vega jafnan þyngst hjá litlum löndum.

Verð á búvörum lækkar

- Matvöruverð lækkar þegar tollar falla niður á búvörum frá öðrum Evrópusambandsríkjum.
 - Gæti leitt til 3-4% lækkunar á neysluverði.
 - ...m.v. reynslu norræna ríkja á 10. áratugnum.
 - En neytendur gætu þurft að borga muninn að miklu leyti með sköttum.

Vextir munu að öllum líkindum lækka..

- Í febrúar voru vextir á óverðtryggðum húsnæðislánum 2,8-3,8% á evrusvæðinu, en 8,6-9,8% hér.
 - Óvenjumikill munur núna vegna mikillar verðbólgu hér – stundum hefur til dæmis munað litlu á húsnæðisvöxtum hér og í Grikklandi.
 - Hærri raunvextir nú miðað við verðbólguvæntingar en á evrusvæðinu




Mynd 1. Nafnvextir óverðtryggðra húsnæðislána á Íslandi (ferlarnir fjórir ofarlega á myndinni) og á evrusvæðinu í prósentum árin 2001-2025. Heimildir: Seðlabanki Evrópu, ECB Data Portal, Cost of

Deildar meiningar um áhrif evru á hagvöxt

- Campos, Coricelli og Moretti (2019),
 - Skoðaða fjórar stækkunarhrynur Evrópusambandsins:
 - 1973, á níunda áratugnum, 1994 og 2004.
 - 10% minni framleiðsla á mann fyrstu tíu ár eftir aðild, ef Evrópusamruni hefði ekki komið til.
- Deildari meiningar um áhrif evru á framleiðslu: 0-4%...

Peningastefnan ekki lengur sniðin að aðstæðum hvers lands


- Aðlögun að evru reyndist sumum löndum erfið.
 - Á tímabili efuðust margir um að ríkissjóðir Grikklands, Portúgals, Írlands og jafnvel fleiri landa gætu staðið við skuldbindingar sínar.
 - Niðurskurð í opinberum útgjöldum þurfti til þess að endurreisa traust á ríkissjóðum landanna.



Mynd 4. Vextir á um það bil tíu ára óverðtryggðum ríkisbréfum á Íslandi og á evrusvæðinu árin 2000-2025. Heimildir: Seðlabanki Íslands, Hagvísar, Evrópska hagstofan, Eurostat, EMU convergence criterion series – annual data.

Peningastefnan ekki lengur sniðin að aðstæðum hvers lands

- Atvinnuleysi um tíma mikið í nokkrum evrulöndum...
 - Sumir hefðu gjarnan viljað endurheimta samkeppnishæfnina á snöggan hátt með gengisbreytingu..
 - Kenningin um hagkvæm gjaldmiðilssvæði: Hreyfanlegt vinnuafli, sveigjanleg laun og verð, samhverfar hagsveiflur, mikil viðskipti svæða (landa), hægt að bregðast við áföllum á einstökum svæðum...



Atvinnuleysi í evrulöndum og á Íslandi, %.
Heimild: Evrópska hagstofan, Eurostat.

Mistök í hagstjórn hafa verri afleiðingar en áður...

- Meira álag á fjármál ríkis og sveitarfélaga eftir að sjálfstæð peningastefna er úr sögunni.
 - Erfiðara að andæfa hagsveiflum með fjármálaaðgerðum en með peningastefnunni.
 - Meira reynir á aga í opinberum fjármálum.
 - Agaleysi hefur verri afleiðingar en áður.
 - Sama má segja um miðlæga kjarasamninga.
 - Ekki hægt að endurheimta samkeppnishæfni á skjótan hátt með gengisbreytingu.

Hvernig má bregðast við breytingunni?

- Maastrichtreglur um halla og skuldir hins opinbera draga úr hættu á að hið opinbera komi af stað þenslu.
 - Ríkisfjármálareglur hafa sömu áhrif...
 - ...og lög um fjárhag sveitarfélaga.
- Stöðugleikasjóður?
 - Hugmyndin um sjóð til þess að mæta áföllum í þjóðarbúskapnum er gömul:
 - Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins stofnaður 1969.
 - Norski olíusjóðurinn, Þjóðarsjóður...
 - Lífeyrissjóðir geta líka verið dæmi um sveiflujöfnunarsjóði.
 - Vandamál:
 - Erfitt að sannfæra menn um nauðsyn þess að leggja fé til hliðar þegar vel gengur.
 - Erfitt að koma sér saman um reglur um útgreiðslur.